





Ferðapjónustan setur sitt mark á hagvöxt á fyrsta fjórðungi

Samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofu Íslands jókst landsframleiðslan um 8,6% á fyrsta ársfjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra. Þetta var fjórði ársfjórðungurinn í röð með jákvæðum hagvexti og er frekari staðfesting á því að hagkerfið sé á réttri leið. Kröftugur vöxtur mældist á öllum lykilþáttum landsframleiðslunnar, einkaneyslu, fjárfestingu og útflutningi. Þessi vöxtur gefur góð fyrirheit fyrir árið en í [nýlegri spá okkar](#) gerum við ráð fyrir að hagvöxtur á árinu verði 5,1% í ár.

Vöxturinn nú á fyrsta fjórðungi var sambærilegur við vöxtinn á síðustu þremur fjórðungum síðasta árs að því leyti að hann var borinn af útflutningi, fjárfestingu og einkaneyslu. Framlag útflutnings hefur vegið þyngst á síðustu fjórum fjórðungum en framlag hans var að þessu sinni 9,5 prósentustig. Mikill vöxtur innflutnings á síðustu fjórðungum hefur síðan dregið úr jákvæðum áhrifum af auknum útflutningi en mikilli neysluaukningu og aukningu fjárfestingar hefur fylgt mikill vöxtur innflutnings sem kemur til frádráttar þegar hagvöxtur er reiknaður.

Kröftugur vöxtur útflutnings borinn af mikilli fjölgun erlendra ferðamanna

Vöxtur útflutnings reyndist að þessu sinni vera 28,3% á fyrsta fjórðung borið saman við sama fjórðung í fyrra. Þetta er meiri vöxtur en verið hefur á síðustu fjórðungum utan þriðja fjórðungs á síðasta ári þegar vöxturinn var tæplega þriðjungur. Vöxtur útflutnings var eins og verið hefur á síðustu fjórðungum borinn af vexti þjónustu. Framlag þjónustu til vaxtarins nú á fyrsta fjórðungi var 20,4 prósentustig en framlag vöruútflutnings 6,8 prósentustig. Mikinn vöxt í útflutningi að þessu sinni má fyrst og fremst rekja til mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna. Fjöldi erlendra ferðamanna var tæplega 245 þúsund á fyrsta fjórðungi borið saman við tæplega 12 þúsund á sama tímabili í fyrra.





Loðnuáhrifin munu dreifast á nokkra fjórðunga

Áhrif aukinna loðnuveiða munu verða töluvert mikil á hagvöxt á þessu ári en við ætlum að bara þau áhrif verði til aukningar á hagvexti um 1,5 prósentustig. Ástæðan fyrir því að loðnan hefur ekki meiri áhrif á hagvöxtinn nú á fyrsta fjórðungi er að einungis hluti aflaverðmætisins var fluttur út núna á fyrsta fjórðungi. Gera má því ráð fyrir að hagvaxtaráhrifin komi fram á öðrum og þriðja fjórðungi.




Þrátt fyrir að álverð sé mun hærra nú á fyrsta fjórðungi en á sama tímabili í fyrra og útflutningsverðmætið einnig hefur það ekki áhrif til aukins hagvaxtar þar sem útflutningsvöxtur er mældur í magnaukningu en ekki verðmætaaukningu.

Vöxtur einkaneyslu einnig kröftugur

Vöxtur einkaneyslu var 8,8% meiri nú á fyrsta fjórðungi en á sama tímabili í fyrra. Það hefur verið mjög kröftugur vöxtur í neyslu heimila á síðustu fjórum fjórðungum. Neysla dróst mikið saman þegar faraldurinn stóð sem hæst á árunum 2020 og 2021 og var því ákveðið svigrúm til mikillar aukningar á síðustu fjórðungum þar sem kaupmáttur heimila hélst sterkur í gegnum allan faraldurinn. Mjög stór hluti af neysluaukningunni á síðustu fjórðungum skýrist af auknum ferðalögum Íslendinga erlendis. Nú á fyrsta fjórðungi mældist einnig veruleg aukning í kaupum heimila á nýjum bifreiðum en á móti mældist samdráttur í öðrum neysluflokkum svo sem áfengi, húsbúnaði og innréttingum.

Flugvéla fjárfesting Icelandair setur mark sitt á heildarfjárfestinguna í hagkerfinu

Einnig var áframhald á kröftugum vexti fjárfestingar en hún jókst um 20,3%. Vöxturinn var eins og verið hefur á síðustu fjórðungum borinn af miklum og kröftugum vexti atvinnuvegafjárfestingar. Atvinnuvegafjárfestingin jókst um 38,3% nú á fyrsta fjórðungi en vöxturinn var á síðustu þremur fjórðungum síðasta árs á bilinu 23-38%. Fjárfesting hins opinbera jókst um 1,4% sem er töluvert minni vöxtur en verið hefur. Íbúðafjárfesting dróst saman um 6,8% og var það þriðji fjórðungurinn í röð þar sem hún dróst saman. Mikinn vöxt í atvinnuvegafjárfestingu má skýra að miklu leyti af mikilli fjárfestingu í skipum og flugvélum en framlag





Þess liðar var 23,8 prósentustig af heildarvexti atvinnuvegafjárfestingar upp á 38,3%. Þarna er vafalaust um að ræða tvær nýjar max-þotur sem voru að bætast við flota Icelandair Group. Slík fjárfesting nettast þó út í innflutningi og hefur þar með engin áhrif á hagvöxt.

Spáum kröftugum hagvexti á þessu ári

Þessar tölur nú á fyrsta fjórðungi komu okkur í sjálfu sér ekki á óvart og er þetta í rauninni framhald á þeirri þróun sem verið hefur á síðustu fjórðungum. Við spáum því að árið verði töluvert kröftugt hvað hagvöxt varðar og í [nýlegri spá okkar](#) gerum við ráð fyrir að hagvöxtur á árinu verði 5,1% í ár og hann verð fyrst og fremst drifinn áfram af miklum vexti í útflutningi. Þar skiptir helst máli mikil aukning í fjölda erlendra ferðamanna og aukinn loðnuútflutningur. Við spáum því að fjöldi erlendra ferðamanna verði 1,5 milljón á þessu ári en fjöldinn í fyrra var um 690 þúsund. Loðnuveiðar voru óvenjumiklar að þessu sinni og má ætla að þær muni einar og sér hafa töluvert mikil áhrif á hagvaxtartölu ársins.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.